

Fundargerð 327. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: þriðjudagur 7. október 2025
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar Oddviti óskaði eftir því að bæta við dagskrá fundar áskorun til innviðaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og var samþykkt að bæta því við undir lið 8. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 310, dags. 25.09.2025:

a) Hallandi land L196163; Rannsóknarborhola og vegagerð; Framkvæmdaleyfi – 2509024

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Hallanda lands L196163 í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst borun á rannsóknarholu í landinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfið tekur til Hallanda lands L196163 í Flóahreppi en í framkvæmdinni felst borun á rannsóknarholu í landinu. Sveitarstjórn fer ekki fram á grenndarkynningu þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar en umsækjandi eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis að fenginni umsögn frá landeigendum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 234, dags. 17.09.2025 og nr. 235, dags. 01.10.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Huldu- og Maríuhólar - Ósk um aðalskipulagsbreytingu

Fyrir liggur erindi frá Sigurði Unnari Sigurðssyni f.h. landeigenda í Huldu- og Maríuhólum er varðar skipulag fyrir Huldu- og Maríuhóla. Óskað er eftir því að svæði næst þjóðvegi nr. 30 verði breytt úr íbúðasvæði (ÍB19) í verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi.

Afgreiðslu málsins frestað þar sem þegar hafa verið seldar lóðir í skilgreindri íbúðabyggð á svæðinu óskar sveitarstjórn Flóahrepps eftir fundi með landeiganda vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Háskólalestin í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi - Ósk um stuðning við verkefni

Fyrir liggur erindi frá Háskólalestinni vegna fræðslu fyrir grunnskóla í sveitarfélögum í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi dagana 19.-20. nóvember. Óskað er eftir stuðningi við verkefnið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að styðja verkefnið á þann hátt að leggja til húsnæði fyrir Háskólalestina og bjóða starfsmönnum Háskólalestarinnar upp á hádegismat í mötuneyti skólans.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Íslenski bærinn, Austur Meðalholtum - Svör við bókun sveitarstjórnar

Viðbrögð hafa borist frá eftirfarandi aðilum við bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 02.09.2025 er varðar Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum:

Héraðsnefnd Árnesinga
Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu
Menningar- nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu
Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar viðbrögð ofangreinda aðila við bókun sveitarstjórnar er varðar Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum. Svör eru lögð fram til kynningar og verða áframsend á eigendur Íslenska bæjarins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Áskorun til innviðaráðherra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fyrir liggur áskorun til innviðaráðherra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá sveitarfélögum með íbúa færri en 1.000 íbúa. Þar er skorað á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytisins um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir áskorunina og samþykkir að Árni Eiríksson skrifi undir hana fyrir hönd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 326, dags. 16.09.2025

b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 36, dags. 16.09.2025

Varðandi vöktunarkerfi vatnsveitu þá samþykkir sveitarstjórn að haldið verið áfram með verkefnið út árið 2025 og á árinu 2026. Guðmundi Daníelssyni verkefnastjóra Flóaljóss falið að panta þann búnað sem til þarf og halda áfram að vinna að verkefninu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fá verð hjá vertökum til að sinna innmælingum á vatnsveitunni og leggja fyrir framkvæmda- og veitunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi ábendingu um að skoða vatnsvernd almennt í vinnu við endurskoðun aðalskipulags þá tekur sveitarstjórn undir það og vísar því til endurskoðunar aðalskipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn ítrekar bókun nefndarinnar varðandi að klára þau verkefni sem samþykkt hafa verið við Ruddakrök og einnig að skoða hvort hægt sé að bora dýpra þar til að fá meira vatn úr lindinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 17, dags. 22.09.2025

Sveitarstjórn samþykkir að skoða kaup á áhöldum fyrir heilsuefingu eldri íbúa í Þingborg í fjárhagsáætlun 2026. Vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn tekur vel í að færa Ungmennafélaginu Þjótanda gjöf á 10 ára afmæli félagsins í nóvember. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Fræðslunefndar nr. 160, dags. 23.09.2025

Varðandi lið 12 undir málefnum Krakkaborgar þá beinir sveitarstjórn þeim tilmælum til leikskólastjóra að leggja til tillögur um hagræðingu í rekstri mótuneytisins í tengslum við fjárhagsáætlunargerð næsta árs. Skólastjórnendum leik- og grunnskóla og sveitarstjóra falið að skoða sameiginleg innkaup og vörusendingar sem leitt getur

til betri afsláttarkjara í báðum skólum. Áfram verði þó lögð áhersla á fjölbreytta næringu og hollustu í anda heilsuefandi leik- og grunnskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn tekur undir ábendingu fræðslunefndar um að setja reglur um launalaus leyfi. Sveitarstjóra falið að vinna drög að reglum og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Stjórnar SASS nr. 626, dags. 05.09.2025
- f) Stjórnar Bergisans bs. nr. 87, dags. 08.09.2025
- g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 984, dags. 12.09.2025 og nr. 985, dags. 26.09.2025
- h) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 335, dags. 09.09.2025 og nr. 336, dags. 26.09.2025
- i) Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 29.09.2025
- j) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 214, dags. 23.09.2025
- k) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 247, dags. 22.09.2025 og nr. 248, dags. 01.10.2025

8. Efni til kynningar

- a) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar:

1. Tillaga til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040. 85. mál.

2. Frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamál (stefnumörkun), 105. mál

3. Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Sveitarstjóra falið að senda inn umsögn fyrir hönd Flóahrepps í samráði við sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa
- c) Bókun bæjarráðs Árborgar á 143. fundi, fimmtudaginn 25. september 2025
- d) Frá Byggðastofnun - Endurskoðun byggðaaætlunar
- e) Boð á viðburðinn Sveitarfélag Ársins 2025
- f) Frá Skógræktarfélagi Íslands - Ályktun frá aðalfundi 2025
- g) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 21. október kl. 17:00.

9. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Walter Fannar Kristjánsson